AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 69, 25. janúar 2001, um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.

1. gr.

Breyting verður á lista í 5. gr. auglýsingarinnar er tilgreinir þau ríki sem heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Breytingin felur í sér að Færeyjar skulu fjarlægðar af listanum.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. september 2001.

F. h. r.
Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.

12. september 2001 Nr. 683

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 673/1996 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

III. og IV. kafli reglugerðarinnar orðast svo:

III. KAFLI
Gjöld fyrir hönnun.

9. gr.

	Fyrir umsókn um skráningu á hönnun greiðist:	kr.
a)	Grunngjald, birting einnar myndar innifalin	9.500
b)	Fyrir hverja hönnun umfram eina í umsókn um samskráningu	4.000
c)	Fyrir birtingu hverrar myndar umfram eina	2.500

10. gr.

	Fyrir rannsókn skv. 2. mgr. 17. gr. laga um hönnun:	
a)	Ef krafist er rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð hönnun, sem skráð er hér á landi eða sótt hefur verið um skráningu hér á landi, og hvort hún feli heimildarlaust í sér vörumerki eða heiti á virkri atvinnustarfsemi annars aðila	6.500
b)	Ef krafa um rannsókn kemur fram við innlagningu umsóknar	4.500

11. gr.

	Gjöld fyrir endurnýjun skv. 24. gr. laga um hönnun:	
a)	Fyrsta endurnýjunartímabil	12.000
b)	Viðbótargjald á fyrsta endurnýjunartímabili fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu	4.000